

Nr. 17.  
23. maí.

## Auglýsing

um

breyting á og viðauka við reglugjörð fyrir Háskóla  
Íslands 9. okt. 1912.

Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands hefur Hans Hátígn konunginum í dag þóknast allramildilegast að staðfesta eftirfylgjandi

**breyting á og viðauka við reglugjörð**

fyrir

**Háskóla Íslands**

9. október 1912.

Í stað 35. gr., síðustu málsgreinar, komi: Sje um fyrri hluta embættisprófs lækna að ræða, eða önnur próf en embættispróf, getur stúdent gengið undir prófið að nýju eftir eitt misseri.

Ennfremur bætist við reglugjörðina eftirfarandi viðauki:

### **Undirbúningspróf í grísku fyrir guðfræðisnemendur.**

Stúdentum er heimilt að ganga undir próf þetta eftir eins misseris nám við háskólann.

Prófið er aðeins munnlegt. Skulu þeir stúdentar, sem undir prófið ganga, að minsta kosti hafa lesið 100 (Teubner) bls. í almenri grísku og Markúsarguðspjall, og skal ávalt prófað í hvortveggju grískunni.

Enginn stenst prófið, ef hann nær ekki einkunninni miður vel. Kennarinn í grísku prófar og dæmir um úrlausnirnar ásamt einum af kennurum guðfræðisdeildarinnar.

Prófið fer fram í síðasta mánuði kennslumisseris.

Prófið má endurtaka á misseris fresti. Kennarinn lætur af hendi prófvottorð borgunarlaust.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 23. maí 1912.

**Jón Magnússon.**

G. Sveinbjörnsson.